

Viðtakandi á útsendingalista



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. nóvember 2009

Tilvísun: UST20100200033/hrm

## Ný flokkun efna hefst eftir eitt ár

Innan Umhverfisstofnunar er nú verið að undirbúa næstu skref í kynningu á fyrirhugaðri reglugerð um nýja flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna. Við lýsum nú eftir hugmyndum um hvernig kynningu og fræðslu til fyrirtækja skuli háttað. Nú þegar er fyrirhugað að halda námskeið um flokkun og merkingar þar sem meiri áhersla verður á núgildandi reglur. Útgáfa fræðsluefnis hefst á næsta ári en nú þegar er farið að kynna reglurnar á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Á þessu stigi leggjum við áherslu á að minna á tilkynningaskyldu fyrir nýja flokkun efna fyrir 1. desember á næsta ári (eða 3. janúar 2011 ef notfærður er eins mánaðar frestur til tilkynningar).

Ábyrgðaraðilar með markaðssetningu efna og efnablandna (innlendir framleiðendur og innflytjendur efna og efnablandna frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins) eiga að tilkynna flokkun þeirra efna sem viðkomandi setja á markað hvort sem þau eru ein og sér eða í blöndu með öðrum efnum (sjá 40. gr. í CLP reglugerð). Þessi krafa nær til skráningaraðila skv. REACH og aðra sem setja efni á markað en þurfa ekki að skrá. Munurinn er sá að í REACH miðast skráningarskylda við 1 tonn af efni á ári en ekkert slíkt lágmark á við um tilkynningu skv. CLP. Þetta skal gera fyrir 1. desember 2010 óháð magni af framleiddu eða innfluttu efni. Þannig verður skráningaraðili sem hefur skráningarfrestartil 2018 samt sem áður að tilkynna um flokkun fyrir 1. desember 2010 eða innan mánaðar frá því að efnið kemur á markað eftir það.

Ábyrgðaraðilar þurfa að finna út hvort efni þeirra séu talin upp í VI. viðauka (nægir að finna efni í fylgiskjali 1 við reglugerð nr. 236/1990). Ef efni eru óflokkuð er nauðsynlegt að meta upp á nýtt hvort ný hættuflokkun eigi við. Í upplýsingablaði frá Efnastofnun Evrópu með algengum spurningum og svörum er gerð grein fyrir mikilvægum atriðum um flokkun og tilkynningaskyldu.

Búið er að uppfæra upplýsingarnar sem settar voru á heimasíðu Umhverfisstofnunar í vor og við bendum einnig á upplýsingar á heimasíðu Efnastofnunar Evrópu og frá yfirvöldum í nágrennalöndum okkar. Á heimasíðunni er ætlunin að draga fram þau atriði sem eru mikilvæg fyrir fyrirtæki og almenning á Íslandi frekar en að þýða erlent efni. Slóðin er:

<http://www.ust.is/reglugerdirivinnslu/nr/5813>.

Reglugerðin verður innleidd óbreytt í íslenskan rétt og svigrúm til að útfæra reglugerðartexta verður mjög takmarkað. Hins vegar er rétt að skoða þau atriði sem einstökum ríkjum er frjálst að setja eigin reglur um eins og tungumál varnaðarmerkinga. Engin ósk frá atvinnullífinu um slíkt hefur hins vegar borist stofnuninni.

Virðingarfyllst

Haukur Magnússon  
sérfræðingur